

122. fundur skráningarráðs, haldinn mánudag 5. október 2020 kl. 10:00-11:15, fjarfundur

Fundarmenn: Helga Kristín Gunnarsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður), Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir, gæðastjóri Gegnis, og Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt.
2. Skráning stakra rafbóka

Hallfríður fjallar um erindi sem borist hefur um hvernig best er að fara með rafbækur sem Proquest framleiðir og eru skráðar handvirkt í bókasafnskerfið. Handbókin bíður upp á að framleiðanda sé getið í sviði 264 #3 og sjálfsagt að nota það svið telji skrásetjari þörf á því.

3. Skráning á Disney-bókum

Hallfríður fjallar um erindi sem borist hefur henni um skráningu á Disney-bókum. Spurt er hvort líta beri á Disney sem vörumerki eða ritraðatitil, eins hvort eigi að taka upp erlend (ensk) heiti á persónum eða bókaaflokkum sem vörumerki eða titil, t.d. Frozen og Zootropolis. Í mörgum tilfellum segir enska heitið meira en íslenski titill bókarinnar og þegar skrásetjari metur það svo má gjarnan skrá ~~skrá~~ þær svona:

245 00 |a Zootropolis : hver sem er orðið hvað sem er

246 33 |a Hver sem er getur orðið hvað sem er

490 1# |a Disney Zootropolis

Dæmi verður sett í Handbók skrásetjara

4. Bækurnar eftir Anne B. Ragde

Stundum gerist það að persónur bóka öðlaaist framhaldslíf, skáldsaga verður að þrileik sem verður svo að sex bóka ritröð. Oft veit höfundur og útgefandi ekki í hvað stefnir, hvað þá skrásetjarar á bókasöfnum. Því

getur þurft að setja ritraðatitil á eldri bækur í ritröð. Lánþegar vilja geta slegið upp bókunum og lesið þær í réttri tímaröð. Þeim til hægðarauka er hægt að setja ritraðatitil á eldri bækur í ritröðinni innan hornklofa í svið 490 1#. Dæmi um þetta eru bækur Anne B. Ragde um Neshov-fjölskylduna.

5. Fræðslufundur skrásetjara

Drög að dagskrá fyrir fræðslufund skrásetja 15. október, voru rædd. Fræðslufundurinn verður að þessu sinni einungis í streymi.

6. Önnur mál

Enginn

Næsti fundur er áætlaður 9. nóvember kl. 10 og verður fjarfundur.